

Sp.

303. Tillaga til þingsályktunar

[158. mál]

um athugun á auknu verðgildi íslenzkrar krónu.

Flm.: Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort eigi sé hagkvæmt að auka verðgildi íslenzkrar krónu, þannig að 10 kr. verði að einni og einn Bandaríkjadollar jafngildi kr. 8.80. Verðbreyting krónunnar verði þannig framkvæmd, að innstæður, sjóðir, vöruverð, vinnulaun og skattar lækki tífalt í krónutölu og skuldir einstaklinga og fyrirtækja hliðstætt.

Greinargerð.

Undanfarna áratugi hefur verðgildi íslenzkrar krónu verið lækkað hvað eftir annað. Upphaflega jafngiltu 6 kr. 1 Bandaríkjadollar. Nú þarf 88 kr. fyrir 1 dollar. Hliðstæðar breytingar hafa orðið á verðgildi krónunnar gagnvart gjaldmiðli nágrannaþjóða okkar. Þessar verðbreytingar hafa neikvæð sálræn áhrif bæði innanlands og utan. Fólki finnst verðgildi íslenzkrar krónu lítið og fer því óvarlega með fjármuni. Utanlands mun traust aukast á gjaldmiðli okkar, sé verðgildi hans tífaldað.

Þegar De Gaulle kom til valda í Frakklandi, var verðgildi frankans lítið. Eitt af fyrstu verkum hans var að hundraðfalda verðgildi frankans. Þjóðverjar fengu bitra reynslu af verðleysi marksins eftir fyrri heimsstyrjöld. Þeir gátu fyrst komið viðskipta- og fjármálum sínum í viðunanlegt horf, er þeir höfðu aukið verðgildi marksins. Fleiri þjóðir hafa þrætt svipaðar brautir og gefizt vel. Breytingar á íslenzkri krónu hafa allar orðið á einn veg, nema þegar Jón Þorláksson hækkaði gengið einhliða, án þess að skuldir og vinnulaun lækkuðu hliðstætt. Slík gengishækkun er eigi framkvæmanleg fyrir okkur, a. m. k. ekki eins og nú standa sakir. Gengishækkun Jóns Þorlákssonar skóp atvinnuvegum okkar mikla erfiðleika, sem eðlilegt var. Færri krónur fengust fyrir útfluttar vörur, en jafnmargar krónur þurfti til að greiða vinnulaun, vexti og afborganir af skuldum. Eina færa leiðin til að auka verðgildi krónunnar er því að gera 10 kr. að einni bæði debet- og creditmegin.

Ég ætlast eigi til, að Alþingi gefi ákveðin fyrirmæli um, að verðgildi krónunnar sé tífaldað, heldur til hins, að ríkisstjórninni sé falið að athuga, hvort það sé gerlegt, í samráði við þá aðila, sem mest hafa með fjármál okkar að gera.